

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	24.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust en ein ábending var gerð um ónotaða geyma.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Skoða mælingar og skráningar í rekstrarhandbók
 - 1.a þykktarmælingar geyma
 - 1.b þrýstiprófanir lagna
2. Loftgæði í Örfirisey og gufuendurnýtingarbúnaður
3. Fráveitumál og olíuskiljur - tæming, þrif og virkniprófanir
4. Mengunaróhöpp og kvartanir
5. Önnur mál

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina. Farið var yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist Umhverfisstofnun.

Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í frárennsli athugað með litaprófi. Allt reyndist í góðu lagi. Stöðugt er unnið að viðhaldi og málun á lögnum.

Botnþykktarmæla skal geyma nr. B201 og B205 á árinu. Eins skal þrýstiprófa lagnir á árinu.

Leirlag er í botni mengunarvarnaráðs Skeljungs en steinsteypfir þróarveggir. Frá síðusta eftirliti hefur ekki verið átt við leirlagið og það telst því í lagi.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Fimm olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna, allar með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir reglulega, síðast 20. mars sl. Olíuskiljur eru skoðaðar, yfirfarnar og þrífarnar eins og þurfa þykir en skilja nr. 7 sem er á Eyjagarði þarf tíðast viðhald. Allar skiljur voru botnhreinsaðar í nóvember sl. Skimað var ofan af skilju nr. 7 í apríl sl. Árleg athugun á olíu í frárennsli olíuskiljanna kom vel út.

Olíur og bensín er geymd í stöð Skeljungs. Gufluendurnýtingartæki, sameiginslegt báðum stöðvum, er í notkun fyrir bensíngeyma og tengdum búnaði. Tækið tekur við bensíngufum úr birgðageymum og af afgreiðslu- /áfyllingarplani fyrir flutningabíla, þéttir gufurnar í kolasíu og dælir bensíni aftur út í birgðageymana. Krafa er um að bensín í útblæstri stöðvanna sé undir 35 g / Nm³ / klst. Framleiðandi tækisins kemur í árlega úttekt og stillingu á því.

Gufuendurnýtingartækið hefur verið á góðu róli á síðasta ári og mæling á sleppingu gufa var undir losunarmörkum reglugerðar nr. 252/1999.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Engin mengunaróhöpp hafa orðið síðan síðast var komið í eftirlit.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur.

Inni á milli birgðageymanna eru tveir geymar sem ekki eru lengur í notkun. Ofanjarðargeymir sem áður var notaður af Skeljungu en hefur verið tekinn af skrá sem birgðageymir og eins neðanjarðargeymir sem einnig hefur verið tekinn af skrá en hann er grafinn ofan í þróarbotn við hlið birgðageymis nr. B-208. Fylgjast þar með þessum geymum og viðhalda eða fjarlægja neðanjarðargeyminn svo áræðanleiki mengunarvarna skerðist ekki.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Fylgjast þarf með ónotuðum geymum í mengunarvarnarþró og viðhalda svo þeir hamli ekki rekstri stöðvarinnar.

ANNAÐ

Botnþykktarmæla skal geyma nr. B201 og B205 á árinu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.07.2018



Gottskálk Friðgeirsson